

BORGARRÁÐ 27. apríl 2023: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um atvinnuauklýsingar þjónustu- og nýsköpunarsviðs - MSS23040239

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum í kjölfar auglýsingar frá því í byrjun apríl 2023 þar sem þjónustu og nýsköpunarsvið óskar eftir þróunarstjóra og tæknistjóra stafrænna lausna. Óskað er upplýsinga um hvaða þróun það eru nákvæmlega sem nýr þróunarstjóri á að stýra og hvort fyrir liggja nákvæmar verk- og tímaáætlanir varðandi þá þróun/þróanir. Hver eru verkefni tæknistjóra stafrænna lausna? Hvaða stafrænu lausnir eru það nákvæmlega sem heyra undir þennan tæknistjóra? Hvernig hefur þróunar- og tæknistýringu stafrænna lausna verið háttáð áður en ákveðið var að auglýsa eftir fólki í þessar stöður? Óskað er nánari skýringa á ákveðnu atriði sem talið er upp í hlunnindalista auglýsingarinnar, að sviðið bjóði m.a. upp á “sálrænt öryggi og skapandi menningu”, hvað er nákvæmlega átt við með þessu? Að lokum er spurt hvort þau atriði sem nefnd eru hér að ofan, séu komin frá mannauðs- og starfsumhverfissviði og hvort öllu starfsfólki Reykjavíkurborgar sé boðið upp á “sálrænt öryggi og skapandi menningu” eða er þetta eitthvað sem eingöngu er í boði fyrir starfsfólk þjónustu og nýsköpunarsviðs?